VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

# FRAMLEIÐSLA Í ÍSLENSKU FISKELDI
# ÁRIÐ 1991

Stefán Eiríkur Stefánsson
Jóhannes Sturlaugsson

Reykjavík, mars 1992 VMST-R/92008

8(8) s. t.
Fiskeldi - Framleiðsla

Efnisyfirlit

bls.
1. **Inngangur**........................................1
2. **Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar**....................1
3. **Framleiðslan 1991**...............................2
   3.1 Laxeldi.........................................2
   3.2 Silungseldi.....................................3
   3.3 Söluverðmæti sláturfisks........................4
   3.4 Mælikvarði á framleiðni í áframeldi laxa 1991...........4
   3.5 Annað eldi......................................4
4. **Atvinnutækifæri í fiskeldi**.........................5
5. **Framleiðsluverðmæti í fiskeldi**.....................5
6. **Eldisrými íslenskra eldisstöðva**....................6
7. **Fóðurnotkun í fiskeldi**.............................6
8. **Birgðir af lifandi fiski**...........................7
9. **Áætluð framleiðsla af sláturfiski 1990**.................8

Viðaukar.

**SAMANTEKT**

Á skrá hjá Veiðimálastofnun eru 75 fiskeldis- og hafbeitarstöðvar og hafði þeim fækkað um 17 á árinu 1991.

Af laxi voru á árinu 1991 framleidd um 7.247 þús. gönguseiði og 1.313 þús. stórseiði. Af 8.561 þús. framleiddum seiðum fóru 6.005 þús. í hafbeit en 2.556 þús í áframeldi.

Birgðir af laxi í áframeldi, voru í ársbyrjun 1991 2.665 tonn en í árslok 2.546 tonn. Seld voru 3.030 tonn af laxi á árinu 1991. Heildarframleiðsla (birgðir um áramótin 1991-92 + sala á árinu - birgðir um áramótin 1990-91) af laxi árið 1991 var 2.911 tonn.

Af silungi voru á árinu 1991, framleidd 1.056 þús. gönguseiði. Birgðir af silung í áframeldi, voru 252 tonn í ársbyrjun 1991 en í árslok 503 tonn. Heildarframleiðsla á silungi árið 1991 var 558 tonn en seld voru 307 tonn af silungi.

Framleiðsluverðmæti í fiskeldi á árinu 1991 var 1.884 milljónir króna. Slátrað var og seldur fiskur að verðmæti um 1.010 milljónir króna. Störf í fiskeldi svöruðu til 227½ mannára.

Á árinu 1992 er áætlað að framleidd verði 2.900-3000 tonn af laxi til slátrunar í eldisstöðvum, á bilinu 800 til 1.100 tonn fáist vegna hafbeitar á laxi. Auk þess er áætlað að slátrað verði um 600 tonnum af silungi árið 1992. Heildarframleiðsla gönguseiða er áætluð um 8.500 þúsund seiði. Af þeim fjölda er ráðgert að sleppa í hafbeit um 6 milljónum gönguseiða.

Framleiðsla af slátruðum laxi árin 1990 og 1991 ásamt áætlaðri framleiðslu af slátruðum laxi árið 1992.

| Tegund | 1990 | 1991 | 1992 (Áætlað) |
|---|---|---|---|
| Strandeldi | 1.739 tonn | 1.195 tonn | 2.900-3.000 tonn |
| Kvía- og fareldi | 977 tonn | 1.490 tonn | |
| Hafbeit | 280 tonn | 345 tonn | 800-1.100 tonn |
| Silungur | 113 tonn | 307 tonn | 600 tonn |
| Samtals | 3.109 tonn | 3.337 tonn | 4.300-4.700 tonn |

## 1. INNGANGUR

Í þessu upplýsingariti Veiðimálastofnunar er fjallað um framleiðslu í fiskeldi og hafbeit 1991. Meðal efnis er ítarleg greinargerð um hlut einstakra eldisgreina í framleiðslunni.
Einnig er fjallað um verðmæti seldra afurða og framleiðsluverðmæti í fiskeldi. Yfirlit er gefið yfir fjölda atvinnutækifæra í fiskeldi og einnig eru útreikningar á framleiðslugetu íslenskra fiskeldisstöðva út frá eldisrými.
Þá er fjallað um birgðastöðu um áramótin 1991-1992 og gerðar áætlanir um framleiðslu í íslensku fiskeldi 1992. Að síðustu eru veittar almennar upplýsingar um fiskeldisfyrirtæki í landinu.

Allar upplýsingar sem hér eru birtar um framleiðslu í íslensku fiskeldi eru látnar í té af forsvarsmönnum fiskeldisstöðvanna og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

## 2. FISKELDIS- OG HAFBEITARSTÖÐVAR

Fiskeldisrekstur breyttist nokkuð á árinu 1991, þar sem 15 fyrirtæki urðu gjaldþrota, 12 stöðvar hættu allri starfsemi og fækkun varð um 4 til viðbótar vegna sameiningar fiskeldisfyrirtækja. Á móti þessu kemur að ný fyrirtæki voru stofnuð um rekstur á fyrirtækjum sem urðu gjaldþrota. Í síðustu ársskýrslu voru alls 92 stöðvar á skrá hjá Veiðimálastofnun en um áramótin 1991-1992 alls 75 fiskeldisstöðvar. Í árslok 1991 stóðu 65 fyrirtæki á bakvið rekstur þeirra 75 stöðva sem voru starfandi. Fiskeldisstöðvum fækkaði um 17 skráðar stöðvar á árinu. Með skráðum stöðvum er átt við stöðvar, sem voru í rekstri um áramót. Við mat á fjölda stöðva er notast við landfræðilegar forsendur. Það er að segja að fiskeldisstöðvar sem eru með fiskeldi eða hafbeit á þrem vel landfræðilega aðskildum stöðum flokkast sem þrjár stöðvar og fiskeldisfyrirtæki með seiðaeldi, strandeldi og hafbeit á sama stað flokkast sem ein stöð.

Eftirfarandi eldisaðferðir eru notaðar hér á landi: seiðaeldi, strand- og landeldi, kvía- og fareldi, og hafbeit.
Af 75 stöðvum voru 50 með seiðaeldi, 17 með strand- og landeldi, 13 með kvía- og fareldi og 14 með hafbeit. Tilraunastöðvar í fiskeldi voru 7.

Á árinu 1991 voru teknar af skrám Veiðimálastofnunar 2 stöðvar í seiðaeldi, 5 í strand- og landeldi, 5 í kvía og fareldi og 9 hafbeitarstöðvar. Óvíst er hvort starfsemi verði á árinu 1992 hjá 12 stöðvum, sem voru í rekstri um síðustu áramót.

## 1. INNGANGUR

Í þessu upplýsingariti Veiðimálastofnunar er fjallað um framleiðslu í fiskeldi og hafbeit 1991. Meðal efnis er ítarleg greinargerð um hlut einstakra eldisgreina í framleiðslunni.
Einnig er fjallað um verðmæti seldra afurða og framleiðsluverðmæti í fiskeldi. Yfirlit er gefið yfir fjölda atvinnutækifæra í fiskeldi og einnig eru útreikningar á framleiðslugetu íslenskra fiskeldisstöðva út frá eldisrými.
Þá er fjallað um birgðastöðu um áramótin 1991-1992 og gerðar áætlanir um framleiðslu í íslensku fiskeldi 1992. Að síðustu eru veittar almennar upplýsingar um fiskeldisfyrirtæki í landinu.

Allar upplýsingar sem hér eru birtar um framleiðslu í íslensku fiskeldi eru látnar í té af forsvarsmönnum fiskeldisstöðvanna og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

## 2. FISKELDIS- OG HAFBEITARSTÖÐVAR

Fiskeldisrekstur breyttist nokkuð á árinu 1991, þar sem 15 fyrirtæki urðu gjaldþrota, 12 stöðvar hættu allri starfsemi og fækkun varð um 4 til viðbótar vegna sameiningar fiskeldisfyrirtækja. Á móti þessu kemur að ný fyrirtæki voru stofnuð um rekstur á fyrirtækjum sem urðu gjaldþrota. Í síðustu ársskýrslu voru alls 92 stöðvar á skrá hjá Veiðimálastofnun en um áramótin 1991-1992 alls 75 fiskeldisstöðvar. Í árslok 1991 stóðu 65 fyrirtæki á bakvið rekstur þeirra 75 stöðva sem voru starfandi. Fiskeldisstöðvum fækkaði um 17 skráðar stöðvar á árinu. Með skráðum stöðvum er átt við stöðvar, sem voru í rekstri um áramót. Við mat á fjölda stöðva er notast við landfræðilegar forsendur. Það er að segja að fiskeldisstöðvar sem eru með fiskeldi eða hafbeit á þrem vel landfræðilega aðskildum stöðum flokkast sem þrjár stöðvar og fiskeldisfyrirtæki með seiðaeldi, strandeldi og hafbeit á sama stað flokkast sem ein stöð.

Eftirfarandi eldisaðferðir eru notaðar hér á landi: seiðaeldi, strand- og landeldi, kvía- og fareldi, og hafbeit.
Af 75 stöðvum voru 50 með seiðaeldi, 17 með strand- og landeldi, 13 með kvía- og fareldi og 14 með hafbeit. Tilraunastöðvar í fiskeldi voru 7.

Á árinu 1991 voru teknar af skrám Veiðimálastofnunar 2 stöðvar í seiðaeldi, 5 í strand- og landeldi, 5 í kvía og fareldi og 9 hafbeitarstöðvar. Óvíst er hvort starfsemi verði á árinu 1992 hjá 12 stöðvum, sem voru í rekstri um síðustu áramót.

# 3. FRAMLEIÐSLAN 1991

## 3.1 LAXELDI

Framleiðsla í laxeldi skiptist í seiðaeldi, matfiskeldi og hafbeit. Í seiðaeldi eru gönguseiði talin lokastig framleiðslunnar og smáseiði ekki talin til framleiðslu nema ef sala á þeim hefur átt sér stað frá eldisstöð. Öll gönguseiði eru hins vegar talin til framleiðslu hvort sem þau voru seld eða nýtt í áframeldi eða hafbeit af framleiðendum sjálfum. Stórseiði (yfir 100 gr.) eru tilgreind sérstaklega og eru talin til framleiðslu á sama hátt og gönguseiði.

Í matfiskeldi skiptist framleiðslan í strand- og landeldi og kvía- og fareldi. Sá fiskur telst til framleiðslu sem var seldur á árinu og einnig sá fiskur sem talinn er til birgða sem matfiskur í stöðvunum í árslok að frádregnum birgðum í ársbyrjun.

Á árinu 1991 framleiddu 28 stöðvar samtals 7.247 þús. gönguseiði og 10 stöðvar framleiddu samtals 1.313 þús. stórseiði. Samanlagður fjöldi gönguseiða og stórseiða sem framleidd voru 1991 var 8.561 þús. en framleiðslan 1990 var 8.147 þús. Árið 1991 var sleppt 6.005 þús. gönguseiðum í hafbeit en árið 1990 5.634 þús. Í matfiskeldisstöðvar fóru 2.556 þús. seiði 1991 sem er álíka magn og árið 1990 en þá fóru 2.513 þús. seiði í matfiskeldisstöðvar.

Í sölu og framleiðslutölum er ekki gert ráð fyrir rýrnun vegna slægingar. Seldur lax á árinu 1991 var 3.030 tonn en árið 1990 voru seld 2.964 tonn og er þetta um 2% aukning milli ára. Að þessari framleiðslu stóðu 39 stöðvar. Birgðastaða í árslok 1991 í laxeldisstöðvunum var um 2.546 tonn af lifandi laxi (seiði ekki meðtalin). Að viðbættum 3.030 tonnum af slátruðum laxi og að frádregnum lifandi birgðum í ársbyrjun (2.665 tonn um áramót 1990-91) var heildarframleiðsla á árinu 1991 2.911 tonn. Heildarframleiðsla á laxi var 119 tonnum minni 1991 en það magn sem slátrað var á sama ári, það var því verið að slátra af birgðum.

Tafla 1. Framleiðsla á laxi hjá íslenskum fiskeldis- og hafbeitarstöðvum árið 1991.

| Framleiðsla | Magn | |
|---|---|---|
| Gönguseiði | 7.247.845 | stk. |
| Stórseiði | 1.313.385 | stk. |
| Matfiskur | 2.911 | tonn |

HAFBEIT. Sumarið 1991 endurheimtu 11 hafbeitarstöðvar alls 133.153 laxa úr sjó. Hafbeitarstöðvar seldu um 345 tonn af laxi. Fjöldi endurheimtra laxa úr hafbeit 1991 hefur aukist um 46,7% frá árinu 1990 en þá komu 90.726 hafbeitarlaxar (280 tonn) úr sjó.

STRAND- OG LANDELDI: Seldur lax frá strand- og landeldisstöðvum 1991 var 1.195 tonn og stóðu 12 stöðvar að þessari framleiðslu. Sala á laxi árið 1991 var 46% minni en árið 1990 en þá seldu þær 1.739 tonn

af laxi. Birgðastaðan í árslok 1991 var 904 tonn af lifandi laxi og birgðir í ársbyrjun voru 1.457 tonn, og því var heildarframleiðsla þessara stöðva um 642 tonn á árinu 1991. Framleiðsla þessara stöðva hefur minnkað um 1.321 tonn milli ára.

KVÍA- OG FARELDI: 16 kvía- og fareldisstöðvar seldu 1.490 tonn af laxi 1991. Það er 52,5 % aukning frá árinu 1990 en þá seldu 17 stöðvar 977 tonn. Birgðastaða kvía- og fareldisstöðva í árslok 1991 var 1.642 tonn af lifandi laxi, birgðir í ársbyrjun voru 1.208 tonn og var því heildarframleiðsla þeirra á árinu um 1.924 tonn. Það var því slátrað 434 tonnum minna en það sem þessar stöðvar framleiddu á árinu.

## 3.2 SILUNGSELDI

Silungseldi stunduðu 34 stöðvar á árinu 1991. Alls voru 5 stöðvar með regnbogasilung, 27 stöðvar með bleikju og 13 stöðvar með urriða. Land- og strandeldisstöðvar seldu 307,2 tonn af silungi á árinu 1991 en 113 tonn 1990 sem er 172% aukning milli ára. Þar sem ekki er gert ráð fyrir rýrnun vegna slægingar var heildarframleiðsla af silungi 558 tonn á árinu 1991. Er það 52,9% aukning frá árinu 1990 en þá framleiddu þessar stöðvar 365 tonn. Birgðastaða í árslok 1991 var 503 tonn. Skiptingin milli tegunda er sýnd í töflu 2.

Tafla 2. Seldur silungur á árinu 1991 og birgðir um áramót 1991-1992

| | Sala | Birgðir |
|---|---|---|
| Regnbogasilungur | 65.2 tonn | 180.0 tonn |
| Bleikja | 217.1 tonn | 270.0 tonn |
| Urriði | 24.9 tonn | 53.0 tonn |
| Samtals | 307.2 tonn | 503.0 tonn |

Tafla 3. Framleiðsla á silungi hjá íslenskum fiskeldisstöðvum 1991.

| Tegund\Stærð | Seiði 25-100 gr. | Matfiskur |
|---|---|---|
| Regnbogasilungur | 272.000 stk. | 203.9 tonn |
| Bleikja | 639.142 stk. | 326.5 tonn |
| Urriði | 145.562 stk. | 27.8 tonn |
| Samtals | 1.056.704 stk. | 558.2 tonn |

Í töflu 3. kemur fram heildarframleiðsla á silungi á árinu 1991. Framleiðsla silungsseiða á árinu 1991 er sambærileg við birgðastöðu í árslok á seiðum 25 gr. og stærri. Í framleiðslutölum varðandi matfisk í silungseldi er tekin með fiskur sem er stærri en 100 gr. þar sem silungi er oft slátrað við 300 gr. stærð.

## 3.3 SÖLUVERÐMÆTI SLÁTURFISKS

Tafla 4. Verðmæti seldra afurða 1991.

| Tegund | magn | verðmæti |
|---|---|---|
| Lax | 3.030,2 tonn | 909,1 milljón kr. |
| Regnbogas. | 65,3 tonn | 18,3 milljón kr. |
| Bleikja | 217,1 tonn | 76,0 milljón kr. |
| Urriði | 24,9 tonn | 7,0 milljón kr. |
| Samtals | 3.334,5 tonn | 1.010,4 milljón kr. |

(Verðmæti reiknuð út á FOB verði)

Áætlað söluverðmæti seldra afurða árið 1991 er um 1.010,4 milljónir (Tafla 4). Erfitt er að reikna út verðmæti seldra afurða. Verð sveiflast með tilliti til hvenær árs sala fer fram, gengissveiflum, stærðarflokkum, gæðaflokkum, útflutningslandi og hvort um er að ræða eldis- eða hafbeitarfisk svo nokkuð sé nefnt.

## 3.4 MÆLIKVARÐI Á FRAMLEIÐNI Í ÁFRAMELDI LAXA 1991

Framleiðsla í áframeldi laxa er hér skoðuð í ljósi þess hve miklar seldar afurðir fengust af þeim seiðum sem fóru í áframeldi tveimur árum áður. Þessi mælikvarði, sem gengur út frá ráðandi framleiðsluferli, er grófur en gefur möguleika á handhægum samanburði á framleiðni laxeldis á milli ára.

Árið 1991 seldu strand - og kvíaeldisstöðva 2.566 tonn af laxi. Að baki þessari framleiðslu standa um 5.965 þús. laxaseiði sem framleidd voru til áframeldis árið 1989. Samkvæmt þessum tölum liggja 450 gr. að baki hverju seiði árið 1991 en árið 1990 lágu 394 gr. að baki hverju seiði, sem er 12,4% bati milli ára.

Ef áætlað er að sama hlutfall haldist er samkvæmt birgðatölum (lax stærri en 1 kg.), hægt að spá að u.þ.b. 1.100 - 1.200 gr. mun liggja að baki hverju seiði árið 1992 sem yrði 161% bati milli ára.

## 3.5 ANNAÐ ELDI

Tilraunum með lúðueldi og sæeyra var haldið áfram að Stað í Grindavík á vegum Hafrannsóknastofnunar og á síðasta ári var sett í gang tilraunaeldi á hlýraseiðum. Einnig hafa þeir sett í gang þörungaræktun sem notuð er í tengslum við frumfóðrun á sjávarfiskum. Slátrað var rúmlega 4 tonnum af eldislúðu á síðasta ári á Stað í Grindavík. Hjá Fiskeldi Eyjafjarðar hf. á Hjalteyri voru í tilraunir með klak og frumfóðrun á lúðuseiðum og hlýra.

## 4. ATVINNUTÆKIFÆRI Í FISKELDI

Fjöldi mannára í fiskeldi á árinu 1991 var 227½ og er þetta fækkun um 12½ mannár frá 1990 en þá var fjöldi mannára í fiskeldi 240. Flest mannár voru unnin í Norðurlandskjördæmi eystra og í Reykjanes-kjördæmi (Tafla 5).

Tafla 5. Dreifing mannára í fiskeldi milli kjördæma í landinu og meðalfjöldi mannára í fiskeldisstöð.

| Kjördæmi | Mannár | Fjöldi stöðva | Fjöldi á stöð |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3 | 6 | 0,5 |
| Reykjanes | 56 | 10 | 5,6 |
| Vesturland | 17 | 11 | 1,5 |
| Vestfirðir | 20 | 7 | 2,9 |
| Norðurland vestra | 25½ | 4 | 6,4 |
| Norðurland eystra | 56½ | 11 | 5,1 |
| Austurland | 9½ | 6 | 1,6 |
| Suðurland | 40 | 20 | 2,0 |
| Samtals | 227½ | 75 | 3,1 |

## 5. FRAMLEIÐSLUVERÐMÆTI Í FISKELDI

Framleiðsluverðmæti í fiskeldi á árinu 1991 var um 1.884 milljónir króna. Sambærileg tala fyrir árið 1990 var um 1.922 milljónir króna. Í töflu 6 er að finna verðmæti hinna ýmsu afurða fyrir árið 1991.

Tafla 6. Framleiðsluverðmæti í fiskeldi 1991.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lax | gönguseiði | 579,8 | mill. kr. |
| Lax | stórseiði | 156,3 | mill. kr. |
| Lax | matfiskur | 873,3 | mill. kr. |
| Silungur | eldisseiði | 53,9 | mill. kr. |
| Silungur | stórseiði | 45,5 | mill. kr. |
| Silungur | matfiskur | 175,2 | mill. kr. |
| Samtals | | 1.884,0 | mill. kr. |

Í töflu 4 er uppgefið verðmæti seldra afurða (þ.e. matfisks) samtals 1.010 milljónir króna. Sú tala, að viðbættu verðmæti framleiddra seiða á árinu 1991 (tafla 6), sem var 835,5 milljónir króna, samanlagt 1.845,9 milljón krónur, er sambærileg við tölur í fyrri skýrslum Veiðimálastofnunar yfir verðmæti eldisafurða.

## 6. ELDISRÝMI ÍSLENSKRA FISKELDISSTÖÐVA

Tafla 7. Eldisrými íslenskra eldisstöðva 1987 - 1991.

| Eldisaðferð | (m3) | (m3) | (m3) | (m3) | (m3) |
|---|---|---|---|---|---|
| | 1987 | 1988 | 1989 | 1990 | 1991 |
| Seiðaeldi | 40.000 | 43.000 | 39.200 | 52.300 | 48.900 |
| Strand/landeldi | 50.000 | 84.000 | 148.500 | 154.800 | 151.100 |
| Kvíaeldi | 200.000 | 366.000 | 331.400 | 194.700 | 173.500 |

Í fyrri ársskýrslum Veiðimálastofnunar um framleiðslu í íslensku fiskeldi, hefur verið reiknuð út framleiðslugeta íslenskra fiskeldisstöðva. Fylgja hér á eftir samskonar útreikningar fyrir árið 1992.

Eldisrými seiðaeldisstöðva var um áramót 1991-1992 alls 48.900 rúmmetrar. Sé gert ráð fyrir að 60% af eldisrými stöðvanna sé nýtt sem gönguseiðageymslur og miðað við að framleidd séu 500 seiði á rúmmetra er framleiðslugeta þeirra um 14,7 milljónir gönguseiða.

Eldisrými strand- og landeldisstöðva var 151.100 rúmmetrar og miðað við 20 kg. framleiðslu á rúmmetra er framleiðslugeta þeirra um 3.000 tonn.

Eldisrými kvía- og fareldisstöðva var 173.500 rúmmetrar og miðað við 12 kg. framleiðslu á rúmmetra er framleiðslugeta þeirra 2.080 tonn.

Miðað við eldisrými og gefnar forsendur er framleiðslugeta matfiskeldisstöðva um 5.080 tonn.

## 7. FÓÐURNOTKUN Í FISKELDI

Á árinu 1991 seldu fóðurverksmiðjur um 4.850 tonn af fóðri til fiskeldis. Af því var 4.316 tonn af matfiskafóðri (89%) og um 534 tonn af seiðafóðri (11%).

4.850 tonn af fóðri/3.128 tonn sem er heildarframleiðsla eldisfisks = 1,55 kg. fóður/kg. eldisfisk.

534 tonn af seiðafóðri/9,6 millj. laxa og silungseiði af (35 gr. meðalþyngd) = 1,59 kg. fóður/kg. seiðum

## 8. BIRGÐIR AF LIFANDI FISKI

Tafla 8. Birgðastaða laxa- og silungsseiða (talið í stk.) í íslenskum stöðvum um áramót 1991-1992.

| Tegund\Stærð | < 5 gr. | 5-25 gr. | 25-100 gr. | > 100 gr. |
|---|---|---|---|---|
| Lax | 3.002.507 | 6.051.507 | 3.307.094 | 303.164 |
| Regnbogas. | 87.000 | 752.500 | 272.000 | |
| Bleikja | 19.000 | 946.281 | 453.250 | 60.099 |
| Urriði | | 35.800 | 13.000 | 5.000 |
| Samtals | 3.108.507 | 7.786.088 | 3.993.344 | 368.263 |

Um áramótin 1991-1992 eru teknar um 18 milljónir laxahrogna til frumfóðrunar, svipað magn og áramótin 1990-1991. Það má því áætla að framleiðsla seiðaeldisstöðva á laxaseiðum verði svipuð á árinu 1992 og hún var 1991 eða um 8.500 þúsund gönguseiði.

Tafla 9. Birgðir af lax og silungi (talið í stk.) í matfiskeldisstöðvum um áramót 1991-1992.

| Tegund\Stærð | < 1 kg. | 1-2 kg. | 2-3 kg. | >3 kg. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Lax | 1.255.260 | 802.648 | 301.556 | 144.023 | 2.503.487 |
| Regnbogas. | 256.700 | 100.000 | 800 | 133 | 357.633 |
| Bleikja | 709.303 | 30.033 | 8.104 | 400 | 747.840 |
| Urriði | 25.000 | 35.000 | | | 60.000 |
| Samtals | 2.246.263 | 967.681 | 310.460 | 144.556 | 3.668.960 |

Tafla 10. Birgðastaða af matfisk talið í tonnum um áramót 1991-1992.

| Tegund | magn |
|---|---|
| Lax | 2.546 tonn |
| Regnbogas. | 180 tonn |
| Bleikja | 270 tonn |
| Urriði | 53 tonn |
| Samtals | 3.049 tonn |

## 9. ÁÆTLUÐ FRAMLEIÐSLA AF SLÁTURFISK 1992

Um áramót 1991-1992 var fjöldi laxa í matfiskeldisstöðvum yfir 1 kg. 802.648 stk. eða um 1.043 tonn, fjöldi laxa yfir 2 kg. 301.556 stk. eða 694 tonn, fjöldi laxa yfir 3 kg. 144.023 stk eða 475 tonn, samtals um 2.212 tonn birgðir af matfisk yfir 1 kg.

Birgðir af laxi stærri en 1 kg. um áramótin 1990-91 voru metnar á 1.996 tonn og alls var slátrað 2.685 tonnum árið 1991. Birgðir um áramótin 1991-92 eru metnar á 2.212 tonn. Ef áætlað er að sama hlutfall haldist er áætluð framleiðsla af slátruðum eldislaxi um 2.976 tonn á árinu 1992 (Tafla 11).

Birgðastaða af silungi um áramót 1990-1991 var um 252 tonn og alls var slátrað 307 tonnum af silungi árið 1991. Birgðir um áramótin 1991-1992 eru nú metnar á 503 tonn og ef áætlað er að sama hlutfall haldist er áætluð framleiðsla af slátruðum silungi um 600 tonn fyrir árið 1992.

Í hafbeit var sleppt rúmum 5,6 milljónum gönguseiða 1990 og rúmlega 6 milljónum (6.005.000) gönguseiða 1991. Áætlað er að sleppa um 6 milljónum gönguseiða 1992.
Reiknað er með að hafbeit gefi af sér 797 til 1.086 tonn af laxi 1992. Er þá annars vegar gert ráð fyrir 4% endurheimtum af laxi eftir 1 vetur í sjó, 2.4 kg. meðalþyngd, og hins vegar 6% heimtum af laxi eftir 1 vetur í sjó, meðalþyngd 2.4 kg., að viðbættum 0,7% heimtum af laxi eftir 2 vetur í sjó, meðalþyngd 5.6 kg.

Tafla 11. Áætluð framleiðsla af sláturfisk í tonnum hjá íslenskum fiskeldisstöðvum 1992 og verðmæti í kr.

| Tegund | magn | verðmæti |
|---|---|---|
| Eldislax | 2.976 tonn | 892 milljón kr. |
| Hafbeitarlax | 797 tonn | 279 milljón kr. |
| Silungur | 600 tonn | 188 milljón kr. |
| Samtals | 4.373 tonn | 1.359 milljón kr. |

# VIÐAUKAR.

VIÐAUKI 1. SKRÁ YFIR AÐSETUR SKRIFSTOFA FISKELDIS- OG HAFBEITARSTÖÐVA, FRAMKVÆMDASTJÓRA ÞEIRRA OG SÍMANÚMER.

| FYRIRTÆKI | FRAMKVÆMDASTJÓRI | AÐSETUR SKRIFSTOFU | MYNDSENDIR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|
| ARCTIC LAX HF | ÓLAFUR SIGURÐSSON | SUÐURLANDSBRAUT 27 | 91-681709 | 105 REYKJAVÍK | 91-681727 |
| ATLANTSLAX HF | ÁRSÆLL SIGURÞÓRSSON | TÚNGATA 3 | | 240, GRINDAVÍK | 92-68683 |
| AUSTFIRÐINGUR HF | SIGTRYGGUR HREGGVIÐSSON | SMIÐJUSTÍGUR 1 | | 735, ESKIFJÖRÐUR | 97-61476 |
| BAKKALAX - ÞROTABÚ | SNORRI ÓLAFSSON | EYRAVEGUR 37 | | 800, SELFOSS | 98-21617 |
| BLÆLAX HF | GYLFI GUÐJÓNSSON | STÓRIEIGUR 22 | | 270, MOSFELLBÆR | 91-666442 |
| DALALAX SF | INGIBERG HANNESSON | HVOLL DALASÝSLU | | 371, BÚÐARDALUR | 93-41533 |
| DYRHÓLALAX HF | GUÐNI EINARSSON | ÞÓRISHOLT | | 871, VÍK Í MÝRDAL | 98-71220 |
| DÝHÓLL | SIGURÐUR ÞORSTEINSSON | HOLTABRAUT 12 | | 540, BLÖNDUÓS | 95-24191 |
| ELDISSTÖÐ SVFR | JÓN G.BERGÞÓRSSON | HÁALEITISBRAUT 68 | | 105, REYKJAVÍK | 91-83425 |
| ELDISSTÖÐIN ÁSMUNDARNESI | GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON | ÁSMUNDARNES | | 520, DRANGSNES | 95-13218 |
| ELDISSTÖÐIN KELDUM (TILRAUNAST) | SIGURÐUR HELGASON | KELDUR | | 112, REYKJAVÍK | 91-82811 |
| ELDISSTÖÐIN KRÓKI HF (FRAMKVSJ) | ÞÓRÐUR H. ÓLAFSSON | RAUÐARÁRSTÍGUR 25 | | 105, REYKJAVÍK | 91-624070 |
| ELDISSTÖÐIN KVERNGRJÓTI | HÖRÐUR GUÐMUNDSSON | KVERNGRJÓT | | 371, BÚÐARDALUR | 93-41514 |
| ELDISSTÖÐIN VIÐ ELLIÐAÁR | JAKOB HAFSTEIN | ÁRTÚNSBREKKA | | 110, REYKJAVÍK | 91-39960 |
| ELDISSTÖÐIN VÍK Í MÝRDAL | ÞÓRIR KJARTANSSON | BAKKABRAUT 14 | | 870, VÍK Í MÝRDAL | 98-71250 |
| EYFISKUR | KJARTAN LÁRUSSON | AUSTUREY III, | | 840, LAUGARVATN | 98-61222 |
| FELLALAX HF | BJÖRN BALDVINSSON | HOFSVÍK/KJALARNESI | /109 | 270, MOSFELLSBÆR | 91-667475 |
| FISKELDI EYJAFJARÐAR HF | ÓLAFUR HALLDÓRSSON | GLERÁRGATA 36 | 96-27430 | 600, AKUREYRI | 96-27499 |
| FISKELDISFÉLAGIÐ STRÖND HF | FINNUR GARÐARSSON | SKÓLABRAUT 30 | 93-11290 | 300, AKRANES | 93-11290 |
| FISKELDISSTÖÐIN HÚSAFELLI | SNORRI KRISTLEIFSSON | REYKHOLTSDALUR | | 311, BORGARNES | 93-51131 |
| FISKELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA | HRÓLFUR ÖLVISSON | BUGÐULÆKUR 3 | | 104, REYKJAVÍK | 91-76508 |
| FISKELDISSTÖÐIN HLÍÐ | GUNNAR L. JÓHANNSSON | HLÍÐ | | 625, ÓLAFSFJÖRÐUR | 96-62461 |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI | SVANUR EINARSSON | TUNGUFELL | | 801, SELFOSS | 98-66723 |
| FISKRÆKTARSTÖÐ VESTURLANDS | BJARNI ARASON | ÞÓRSGATA 15 | | 310, BORGARNES | 93-71515 |
| FJALLALAX (FRAMKVÆMDASJÓÐUR) | ÞÓRÐUR H. ÓLAFSSON | RAUÐARÁRSTÍGUR 25 | | 105, REYKJAVÍK | 91-624070 |
| FLJÓTALAX HF | GUÐMUNDUR H. JÓNSSON | NÝBÝLAVEGUR 6 | | 200, KÓPAVOGUR | 91-41000 |

| FYRIRTÆKI | FRAMKVÆMDASTJÓRI | AÐSETUR SKRIFSTOFU | MYNDSENDIR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|
| HAFBEITARSTÖÐIN KIRKJUFELLI | HARALDUR MAGNÚSSON | RAUÐILÆKUR 71 | | 105, REYKJAVÍK | 91-34447 |
| HAFBEITARSTÖÐ VIÐ LJÁ | GÍSLI BALDURSSON | ÆGISBRAUT 17 | | 371, BÚÐARDALUR | 93-41216 |
| HAFNARLAX HF | RÚNAR RAGNARSSON | SKÚLAGATA 7 | | 310, BORGARNES | 93-71241 |
| HÓLALAX HF | PÉTUR BRYNJÓLFSSON | HÓLAR | 95-36672 | 551, SAUÐÁRKRÓKUR | 95-36601 |
| HÖFÐI HF | BÁRÐUR ÁRNASON | BRUNNAR 16 | | 450, PATREKSFJÖRÐUR | 94-1336 |
| ÍSLANDSLAX (ÍSLENSK MATVÆLI) | SIGURÐUR BJÖRNSSON | HVALEYRARBRAUT 4-6 | 91-652455 | 220, HAFNARFJÖRÐUR | 91-51455 |
| ÍSLAX HF | ENGILBERT INGVARSSON | VÍKURTÚN 2 | 94-4870 | 510, HÓLMAVÍK | 95-13213 |
| ÍSNÓ HF | FRIÐRIK SIGURÐSSON | SIGTÚN 7 | 91-689512 | 105, REYKJAVÍK | 91-622590 |
| KLAKHÚSIÐ BOTNUM | KJARTAN ÓLAFSSON | BOTNAR | | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTUR | 98-74713 |
| KLAKHÚSIÐ LAUGABÖKKUM | GUNNAR GUNNARSSON | SELFOSS I | | 801, SELFOSS | 98-21422 |
| KLAKHÚSIÐ YTRA-HRAUNI | ARNAR SIGÐURÐSSON | YTRA-HRAUN | | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTUR | 98-74709 |
| KLAKHÚSIÐ ÞYKKVABÆ | EINAR BJARNASON | ÞYKKVIBÆR I | | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTUR | 98 74704 |
| KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI | STURLA GUÐBJARNARSON | FOSSATÚN | | 311, BORGARNES | 93-51243 |
| KLAKSTÖÐIN HF | ÞORVALDUR VESTMANN MAGNÚSSON | AUÐBREKKA 9 | / 71 | 640, HÚSAVÍK | 96-41056 |
| LAUGARLAX HF | MAGNÚS L. ALEXÍUSSON | REYNIHVAMMUR 34 | | 200, KÓPAVOGUR | 91-46134 |
| LAX HF | BJÖRGVIN SIGURJÓNSSON | TÚNGATA 48 | 94-2002 /110 | 460, TÁLKNAFJÖRÐUR | 94-2513 |
| LAXALIND (ÍSLENSK MATVÆLI) | SIGURÐUR BJÖRNSSON | HVALEYRARBRAUT 4-6 | 91-652455 | 220, HAFNARFJÖRÐUR | 91-51455 |
| LAXELDISSTÖÐ RÍKISINS | VIGFÚS JÓHANNSSON | VAGNHÖFÐI 7 | 91-676420 | 112, REYKJAVÍK | 91-676400 |
| LAXINN HF | ÓLAFUR SKÚLASON | LAXALÓNI, GRAFARHOLTI | 91-680627 | 110, REYKJAVÍK | 91-813550 |
| LAXÓS HF | ÞORSTEINN ÁSGEIRSSON | AÐALGATA 11 | | 625, ÓLAFSFJÖRÐUR | 96-62370 |
| LÁTRAVÍK HF | JÓN KR. SVEINSSON | GRUNDARLAND 12 | | 108, REYKJAVÍK | 91-82288 |
| LÆKUR HF | JÓNATAN ÞÓRÐARSON | LÆKUR | 98-34890 | 801, SELFOSS | 98-34757 |
| MÁNALAX | GYLFI GUNNARSSON | STRANDGATA 45 | | 740, NESKAUPSSTAÐ | 97-71515 |
| MIKLILAX HF | GUNNAR REYNIR PÁLSSON | LAMBANESREYKIR | 96-71055 | 570, FLJÓT | 96-71072 |
| NORÐURLAX HF | BJÖRN G. JÓNSSON | LAXAMÝRI | | 641, HÚSAVÍK | 96-41819 |
| RÁKIR HF | JÓN GUÐMUNDSSON | HAFNARGATA 3 | | 730 REYÐARFJÖRÐUR | 97-41300 |
| SEIÐAELDISSTÖÐ MAGNÚSARSKÓGUM | HALLDÓR GUÐMUNDSSON | MAGNÚSARSKÓGAR III | | 371, BÚÐARDALUR | 93-41259 |
| SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM | ÞORFINNUR ÞÓRARINSSON | SPÓASTAÐIR | | 801, SELFOSS | 98-68863 |
| SILFURLAX HF | JÚLÍUS B. KRISTINSSON | HAFNARSTRÆTI 11 | 91-626170 | 101, REYKJAVÍK | 91-626111 |

| FYRIRTÆKI | FRAMKVÆMDASTJÓRI | AÐSETUR SKRIFSTOFU | MYNDSENDIR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|
| SILFURSTJARNAN HF | BENEDIKT KRISTJÁNSSON | NÚPSMÝRI | 96-52318 | 671, KÓPASKER | 96-52319 |
| STJÖRNULAX HF | GUÐNI ELÍASSON | TÚNGATA 7 | | 750, FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR | 97-51387 |
| STOFNFISKUR HF | VIGFÚS JÓHANNSSON | VAGNHÖFÐA 7 | 91-676220 | 112, REYKJAVÍK | 91-676400 |
| STRANDARLAX HF | SIGFINNUR MIKAELSSON | STRANDARVEGI 29-33 | 97-21544 | 710, SEYÐISFJÖRÐUR | 97-21169 |
| SVARTHAMAR HF | ÞORVALDUR V. MAGNÚSSON | AUÐBREKKA 9 | | 640, HÚSAVÍK | 96-41056 |
| SVEINSEYRARLAX | HANNES BJARNASON | SVEINSEYRI | 94-2287 | 465, BÍLDUDALUR | 94-2288 |
| SÆBERG HF | DAGMAR ÓSKARSDÓTTIR | BLEIKSÁRHLÍÐ 13 | | 735, ESKIFJÖRÐUR | 97-61294 |
| TILRAUNASTÖÐ HAFRANNSÓKNARSTOFN. | JAKOB JAKOBSSON | SKÚLAGÖTU 4 | | 101, REYKJAVÍK | 91-20240 |
| TILRAUNASTÖÐ KELDNAHOLTI (RALA) | ÓLAFUR GUÐMUNDSSON | KELDNAHOLTI | | 112, REYKJAVÍK | 91-812230 |
| TUNGULAX | HANNA HJARTARDÓTTIR | KLAUSTURVEGUR | | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTUR | 98-74833 |
| VOGAVÍK (FISKVEIÐASJÓÐUR) | HINRIK GREIPSSON | SUÐURLANDSBRAUT 4 | 91-689588 | 105, REYKJAVÍK | 91-679100 |
| ÞÓRSLAX HF | MAGNÚS K. GUÐMUNDSSON | ÞÓRSHAMRI | | 460, TÁLKNAFJÖRÐUR | 94-2523 |
| ÞVERÁRLAX (FRAMKVÆMDASJÓÐUR) | ÞÓRÐUR H. ÓLAFSSON | RAUÐARÁRSTÍGUR 25 | | 105, REYKJAVÍK | 91-624070 |

VIÐAUKI 2. SKRÁ YFIR ÍSLENSKAR FISKELDISSTÖÐVAR SEM ERU STARFRÆKTAR ÁSAMT STAÐSETNINGU, NÖFNUM STÖÐVARSTJÓRA OG SÍMANÚMERUM Í STÖÐVUM. ELDISSTÖÐVUM ER SKIPT NIÐUR EFTIR KJÖRDÆMUM.

| ELDISSTÖÐ | STAÐSETNING | HREPPUR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | STÖÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|
| **REYKJAVÍK** | | | | | |
| ARCTIC LAX | GUFUNESI | | 112, REYKJAVÍK | SIGURÐUR V.SKARPHÉÐINSON | 91-676670 |
| ELDISSTÖÐIN VIÐ ELLIÐAÁR | ÁRTÚNSBREKKU | | 110, REYKJAVÍK | JAKOB HAFSTEIN | 91-39960 |
| ELDISSTÖÐIN KELDUM, (TILR.ST. HÍ) | KELDUM | | 128, REYKJAVÍK | SIGURÐUR HELGASON | 91-674700 |
| LAXINN HF | LAXALÓNI, GRAFARHOLTI | | 110, REYKJAVÍK | ÓLAFUR SKÚLASON | 91-813550 |
| TILRAUNASTÖÐ KELDNAHOLTI | KELDNAHOLTI | | 112, REYKJAVÍK | JÓN Þ. HJARTARSON | 91-38531 |
| **REYKJANES** | | | | | |
| ATLANTSLAX HF | LITLU SANDVÍK, STAÐ | GRINDAVÍKURHREPPI | 240, GRINDAVÍK | ÁRSÆLL SIGURÞÓRSSON | 92-68683 |
| ELDISSTÖÐ SVFR | SKÓGARNESI | | 270, MOSFELLSBÆ | GUÐMUNDUR BANG | 91-666512 |
| FELLALAX HF | HOFSVÍK (+ STRAUMSVÍK) | KJALARNESHREPPI | 270, MOSFELLSBÆ | GUÐMUNDUR BANG | 91-667475 |
| ÍSLANDSLAX | STAÐ | GRINDAVÍKURHREPPI | 240, GRINDAVÍK | ERLENDUR JÓNSSON | 92-68788 |
| LAXALIND | VATNSLEYSUSTRÖND | VATNSLEYSUSTRANDARHREPPI | 190, VOGUM | JÓN K. DAGSSON | 92-46716 |
| LAXELDISSTÖÐ RÍKISINS | KOLLAFIRÐI | KJALARNESHREPPI | 270, MOSFELLSBÆ | ÓLAFUR ÁSMUNDSSON | 91-666380 |
| STOFNFISKUR HF | KALMANSTJÖRN | HAFNARHREPPI | 233, HÖFNUM | JÓHANN SIGURBERGSSON | 92-16922 |
| TILRAUNASTÖÐ HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR | STAÐ | GRINDAVÍKURHREPPI | 240, GRINDAVÍK | GUNNAR SIGURÞÓRSSON | 92-68232 |
| VOGAVÍK | VOGUM | VATNSLEYSUSTRANDARHREPPI | 190, VOGUM | SESSELJA GUÐMUNDSDÓTTIR | 92-46649 |

| ELDISSTÖÐ | STAÐSETNING | HREPPUR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | STÖÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|
| **VESTURLAND** | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN KVERNGRJÓTI | KVERNGRJÓTI | SAURBÆJARHREPPI | 371, BÚÐARDAL | HÖRÐUR GUÐMUNDSSON | 93-41514 |
| FISKELDISSTÖÐIN HÚSAFELLI | HÚSAFELLI | HÁLSASVEIT | 311, BORGARNESI | BERGÞÓR KRISTLEIFSSON | 93-51454 |
| FISKELDISSTÖÐIN STRÖND HF | SAURBÆ | HVALFJARÐARSTR.HREPPI | 301, AKRANESI | FINNUR GARÐARSSON | 93-38861 |
| FISKRÆKTARSTÖÐ VESTURLANDS | LAXEYRI | HÁLSAHREPPI | 311, BORGARNESI | ÓLAFUR ÞÓR ÓLAFSSON | 93-51380 |
| HAFBEITARSTÖÐIN DALALAX SF | HVOLI | SAURBÆJARHREPPI | 371, BÚÐARDAL | INGIBERG J. HANNESSON | 93-41533 |
| HAFBEITARSTÖÐIN HAFNARLAX HF | HÖFN | LEIRÁR- OG MELAHR. | 311, BORGARNESI | RÚNAR RAGNARSSON | 93-71241 |
| HAFBEITARSTÖÐIN KIRKJUFELLI | KIRKJUFELLSÁ | EYRARSVEIT | 350, GRUNDARFIRÐI | GUNNAR MAGNÚSSON | 93-86742 |
| HAFBEITARSTÖÐ VIÐ LJÁ | LJÁ | | 371, BÚÐARDAL | GÍSLI BALDURSSON | 93-41237 |
| HAFBEITARSTÖÐIN LÁTRAVÍK HF | LÁTRAVÍK, LÁRÓSI | EYRARSVEIT | 350, GRUNDARFIRÐI | JÓN KR. SVEINSSON | 93-86877 |
| HAFBEITARSTÖÐ SILFURLAX HF | HRAUNSFIRÐI | EYRARSVEIT | 350, SNÆFELLSNESI | HÖRÐUR HARÐARSSON | 985-21579 |
| KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI | FOSSATÚNI | ANDAKÍLSHREPPI | 311, BORGARNESI | STURLA GUÐBJARNARSON | 93-51243 |
| SEIÐAELDISSTÖÐ AÐ MAGNÚSARSKÓGUM | MAGNÚSARSKÓGUM III | HVAMMSHREPPI | 371, BÚÐARDAL | HALLDÓR GUÐMUNDSSON | 93-41259 |
| **VESTFIRÐIR** | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ÁSMUNDARNESI | ÁSMUNDARNESI | KALDRANANESHREPPI | 520, DRANGSNESI | GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON | 95-13218 |
| ELDISSTÖÐIN HÖFÐI | BÚÐEYRI | TÁLKNAFJARÐARHREPPI | 450, PATREKSFIRÐI | BÁRÐUR ÁRNASON | 94-1336 |
| HAFBEITARSTÖÐIN BLÆLAX | BLÆVARSDALSÁ | NAUTEYRARHREPPI | 401, ÍSAFIRÐI | GYLFI GUÐJÓNSSON | 91-666442 |
| ÍSLAX HF - ÞROTABÚ | NAUTEYRI II | REYKJAFJARÐARHREPPI | 401, ÍSAFIRÐI | ENGILBERT INGVARSSON | 94-4870 |
| LAX HF | NORÐURBOTNI | TÁLKNAFJARÐARHREPPI | 460, TÁLKNAFIRÐI | ÁRNI SIGURÐSSON | 94-2614 |
| SVEINSEYRARLAX | SVEINSEYRI | TÁLKNAFJARÐARHREPPI | 460, TÁLKNAFIRÐI | JÓN BEK | 94-2638 |
| ÞÓRSLAX HF | GILSEYRI | TÁLKNAFJARÐARHREPPI | 460, TÁLKNAFIRÐI | MAGNÚS KR.GUÐMUNDSSON | 94-2523 |
| ÞVERÁRLAX - ÞROTABÚ | SEFTJÖRN | TÁLKNAFJARÐARHREPPI | 460, TÁLKNAFIRÐI | GUÐMUNDUR EINARSSON | 94-2071 |

| ELDISSTÖÐ | STAÐSETNING | HREPPUR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | STÖÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|
| NORÐURLAND VESTRA | | | | | |
| DÝHÓLL | BLÖNDUÓSI | | 540, BLÖNDUÓSI | SIGURÐUR ÞORSTEINSSON | 95-24192 |
| FLJÓTALAX HF | REYKJARHÓLI | HAGANESHREPPI | 570, FLJÓTUM | | 96-71012 |
| HÓLALAX HF | HÓLUM | HÓLAHREPPI | 551, SAUÐÁRKRÓKI | EINAR SVAVARSSON | 95-36603 |
| MIKLILAX HF | LAMBANESREYKJUM | HOLTSHREPPI | 570, FLJÓTUM | MARGRÉT ALFREÐSDÓTTIR | 96-71072 |
| NORÐURLAND EYSTRA | | | | | |
| FISKELDI EYJAFJARÐAR HF | HJALTEYRI | ARNARNESHREPPI | 602, AKUREYRI | ARNAR JÓNSSON | 96-27489 |
| FISKELDISSTÖÐIN HLÍÐ | HLÍÐ | | 625, ÓLAFSFIRÐI | GUNNAR L. JÓHANNSSON | 96-62461 |
| ÍSNÓ HF KVÍAELDISSTÖÐ | LÓNI,KELDUHVERFI | KELDUNESHREPPI/101 | 640, HÚSAVÍK | GUÐMUNDUR HÉÐINSSON | 96-52190 |
| ÍSNÓ HF SEIÐAELDISSTÖÐ | LÓNI,KELDUHVERFI | KELDUNESHREPPI/101 | 640, HÚSAVÍK | GUÐMUNDUR HÉÐINSSON | 96-52190 |
| KLAKSTÖÐIN HF | HÚSAVÍK | /71 | 640, HÚSAVÍK | ÞORVALDUR VESTMANN | 96-41056 |
| NORÐURLAX HF | LAXAMÝRI | REYKJAHREPPI | 641, HÚSAVÍK | BJÖRN G. JÓNSSON | 96-41770 |
| LAXÓS HF | GARÐI I | | 625, ÓLAFSFIRÐI | SIGURÐUR STEFÁNSSON | 96-62570 |
| SILFURSTJARNAN HF | SANDFELLSHAGA II | ÖXARFJARÐARHREPPI | 671, KÓPASKERI | ROBERT BOULFER | 96-52319 |
| STRAUMFISKUR | TEIGI | EYJAFJARÐARSVEIT | 601, AKUREYRI | STEFÁN ÞÓRÐARSON | 96-31126 |
| SVARTHAMAR HF | HAUKAKMÝRARGILI | | 640, HÚSAVÍK | SVEINBJÖRN MAGNÚSSON | 96-41480 |
| AUSTURLAND | | | | | |
| AUSTFIRÐINGUR HF | ESKIFIRÐI | | 735, ESKIFIRÐI | SIGTRYGGUR HREGGVIÐSSON | 97-61476 |
| MÁNALAX HF - ÞROTABÚ | NORÐFIRÐI | | 740, NESKAUPSSTAÐ | GYLFI GUNNARSSON | 97-71515 |
| RÁKIR HF | REYÐARFIRÐI | | 730, REYÐARFIRÐI | JÓN GUÐMUNDSSON | 97-41300 |
| STJÖRNULAX HF | FÁSKRÚÐSFIRÐI | | 750, FÁSKRÚÐSFIRÐI | GUÐNI ELÍASSON | 97-51387 |
| STRANDARLAX HF | SEYÐISFIRÐI | | 710, SEYÐISFIRÐI | SIGFINNUR MIKAELSSON | 97-21169 |
| SÆBERG HF | ESKIFIRÐI | | 735, ESKIFIRÐI | DAGMAR ÓSKARSDÓTTIR | 97-61294 |

| ELDISSTÖÐ | STAÐSETNING | HREPPUR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | STÖÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|
| **SUÐURLAND** | | | | | |
| ARCTIC LAX | ÞÓRODDSSTÖÐUM | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSSI | HOYBYE CHRISTENSEN | 98-34682 |
| BAKKALAX HF - ÞROTABÚ | BAKKA II | ÖLFUSHREPPI | 800, SELFOSSI | HARALDUR SNORRASON | 98-34543 |
| DYRHÓLALAX | ÞÓRISHOLTI | MÝRDALSHREPPI | 871, VÍK | GUÐNI EINARSSON | 98-71220 |
| ELDISSTÖÐIN KRÓKI HF - ÞROTABÚ | KRÓKI | ÁSAHREPPI | 851, HELLU | ÁRNI JÓNSSON | 98-75946 |
| ELDISSTÖÐIN VÍK Í MÝRDAL | BAKKABRAUT 14 | HVAMMSHREPPI | 870, VÍK Í MÝRDAL | ÞÓRIR KJARTANSSON | 98-71250 |
| EYFISKUR | AUSTUREY III | LAUGARDALSHREPPI | 840, LAUGARVATNI | KJARTAN LÁRUSSON | 98-61222 |
| FISKELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA | FELLSMÚLA | LANDMANNAHREPPI | 851, HELLU | HEIMIR HARALDSSON | 98-76518 |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI | TUNGUFELLI | HRUNAMANNAHREPPI | 801, SELFOSSI | SVANUR H. EINARSSON | 98-66723 |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGULAX | YTRI TUNGU | KIRKJUBÆJARHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKL. | JÓN K. JÓNSSON | 98-74885 |
| FJALLALAX - ÞROTABÚ | HALLKELSHÓLUM II | GRÍMSNESHREPPI | 801, SELFOSSI | BJÖRN SNORRASON | 98-64464 |
| ÍSNO HF | ÖXNALÆK | ÖLFUSHREPPI/29 | 800, HVERAGERÐI | STEFÁN ÓLAFSSON | 98-34464 |
| KLAKHÚSIÐ BOTNUM | BOTNI | LEIÐVALLARHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKL. | KJARTAN ÓLAFSSON | 98-74713 |
| KLAKHÚSIÐ LAUGABÖKKUM | SELFOSSI I | ÖLFUSHREPPI | 800, SELFOSSI | GUNNAR GUNNARSSON | 98-21000 |
| KLAKHÚSIÐ YTRA-HRAUNI | YTRA-HRAUNI | KIRKJUBÆJARHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKL. | ARNAR SIGURÐSSON | 98-74709 |
| KLAKHÚSIÐ ÞURÁ | ÞURÁ | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSSI | ÞORLÁKUR KOLBEINSSON | 98-34513 |
| KLAKHÚSIÐ ÞYKKVABÆ | ÞYKKVABÆ I | KIRKJUBÆJARHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKL. | EINAR BJARNASON | 98-74704 |
| LAUGARLAX | EYJARLANDI | LAUGARDALSHREPPI | 801, SELFOSSI | SIGURÐUR ÞÓRÐARSON | 98-61233 |
| LÆKUR HF | LÆK | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSSI | VIÐAR INGVARSSON | 98-34757 |
| SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM | SPÓASTÖÐUM | BISKUPSTUNGNAHREPPI | 801, SELFOSSI | ÞORFINNUR ÞÓRARINSSON | 98-68863 |
| SILFURLAX HF | LAUGUM | LANDMANNAHREPPI | 851, HELLU | BRYNJÓLFUR TEITSSON | 98-76517 |
| SILFURLAX HF | NÚPUM III | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSSI | JÓHANNES SIGURÐSSON | 98-34720 |